



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

559. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 5. júní 2023
og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Halla Karen Kristjánsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Þór Sigurgeirsson, varaformaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Ferðavenjukönnun 2022 - 2208002

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins kynnir niðurstöður ferðavenjukönnunar 2022 fyrir höfuðborgarsvæðið. Umræður.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

2. SRN Almenningsamgöngur-endurskoðun samkomulags - 2109004

Páll Björgvin Guðmundsson og Ásthildur Helgadóttir fulltrúar SSH í viðræðuhópi um endurskoðun samkomulags um almenningssamgöngur upplýsa um stöðu viðræðna og næstu skref. Umræður.

Gestir

Ásthildur Helgadóttir

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

3. Útivistarvefur höfuðborgarsvæðisins. Sóknaráætlun 2023 - 2303007

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins kynnir stöðu verkefnis um útivistarvef höfuðborgarsvæðisins og næstu skref þess, þ.á.m. áætlaða tímalínu. Umræður.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson

Niðurstaða:

Skrifstofu SSH falið að vinna áfram að þessu verkefni til samræmis við fyrirliggjandi hugmyndir og áætlaða tímalínu.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

4. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála - samstarf - 2305011

Fyrirliggjandi er tölvupóstur Herdísar Gunnarsdóttur forstjóra Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála dags. 19. maí 2023, þar sem fram kemur beiðni um að koma á fund stjórnar, til að kynna starfsemi stofnunarinnar og eiga samtal um verkefni sem framundan eru. Umræður.

Niðurstaða:

Erindinu er vísað til Samráðshóps á sviði velferðarmála og verður tekið til meðferðar stjórnar að nýju á haustmánuðum.

5. SSH Fjárhagsáætlun - 1910010

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH kynnir stöðu rekstrar SSH það sem af er ári.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.